



Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis

Austurstræti 8-10

150 Reykjavík

Sent á netfangið: nefndasvid@althingi.is

Reykjavík, 5 maí. 2020

Efni: Frumvarp til laga um forvarnir gegn kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi og áreitni, ásamt áætlun fyrir árin 2021-2025, 643. Mál

Samtök kvenna af erlendum uppruna á Íslandi fagna núgildandi áætlun um forvarnir gegn kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi og áreitni. Núgildandi áætlun snertir á öllum grunnþáttum og hlökkum við til þess að sjá áætlunina verða að verki.

Það gleður okkur að sjá að jaðar hópum verði ekki gleymt í núgildandi áætlun, en það er reynsla okkar af nánnum samskiptum við skjólstæðinga okkar a kynferðislegt og kynbundið ofbeldi hefur alveg jafn mikil áhrif á jaðar hópa og aðra.

Það er ítrekað tekið fram í áætluninni að þeir sem brjóti af sér verði að taka ábyrgð á gjörðum sínum, en við trúum því staðfastlega að þó að fræðsla og forvarnir kunni vissulega að hjálpa til við að veita þolendum styrk til þess að láta í sér heyra og sækja sér aðstoðar fyrr, þá sé það meðferð fyrir gerendur sem hefur úrskurðarvald um það hvort að þeir sem þurfa á henni að halda brjóti aftur af sér.

Það er okkar von að gerendur kynbundins ofbeldis þurfi ekki einungis að taka ábyrgð á sjálfum sér, heldur verði þeim gert lagalega skylt að sækja meðferð.

Fræðsla fyrir gerendur er jafn mikilvæg og fræðsla fyrir þolendur og mögulega tilvonandi þolendur.

Hingað til hefur verið talað um að fangelsi sé betrunarvist, en til þess að unnt sé að hugsa til þess að telja íslenska réttarkerfið einblína á betrun en ekki refsingu til þess að fresta afbrotum, þá verður að vera uppi markviss fræðsla og meðferðar úrræði sem hefur þann tilgang að endurhæfa og fræða.

Virðingarfyllst,

Angelique Kelley
stjórnarmeðlimur

f.h. Samtök kvenna af erlendum uppruna á Íslandi

Samtök Kvenna af Erlendum Uppruna á Íslandi

Túngata 14

101 Rvk

info@womeniniceland.is